

AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS

2011-2022

GREINARGERÐ
INNGANGUR

DRÖG TIL KYNNINGAR OG UMSAGNAR
OKTÓBER 2011

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**

GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



SKÚTUSTAÐAHREPPUR



Mynd 1.1 Mývatn. Útsýni af Hlíðarfjalli



Mynd 1.2 Útsýni af Hlíðarfjalli

1. INNGANGUR

Hér er um að ræða Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2021 sem er endurskoðun aðalskipulagsins 1996-2015, sem staðfest var 31. 12. 1997.

Tilfni endurskoðunar aðalskipulagsins er lögbundin endurskoðun sbr. 35 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um að sveitarstjórn skuli að afloknum kosningum á fjögurra ára fresti meta, hvort ástæða sé til endurskoðunar skipulagsins.

Það var mat sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2006 að endurskoða skyldi aðalskipulagið.

Meginástæða endurskoðunarinnar eru ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Ákvæði laganna um gerð verndaráætlunar taka til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

Á síðustu árum hafa komið fram margvíslegar hugmyndir um breytta landnotkun svo sem um ný svæði fyrir frístundabyggð og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu sem taka þarf afstöðu til í aðalskipulaginu, m. a. með tilliti til skilgreindra verndarsvæða samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar að verndaráætlun sbr. ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár.

Aðalskipulagið nær til alls lands sveitarfélagsins og þar er m. a. sett fram ákvæði úr Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 sem staðfest var í maí 1999 og gildir fyrir land ofan markalínu sem dregin var á milli heimalanda og afrétta. Hið nýja aðalskipulag er einnig í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Aðalskipulagið byggir á þeirri stefnumörkun sem sveitarstjórn og skipulagsnefnd hafa unnið í samráði við fjölda aðila, þ. á. m. fulltrúa íbúa og atvinnulífs í sveitarfélaginu. Stefnan tekur til þróunar sveitarfélagsins alls varðandi landnotkun, byggðaðróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál¹.

¹ Skipulagslög nr. 123/2010, 28. gr.

Leiðarljós er yfirskrift fimm meginmarkmiða um byggð, umhverfi, atvinnulíf, félags- og fræðslumál svo og samgöngur og tæknimál. Þessir fimm þættir hafa áhrif hver á annan þannig að aðgerðir á einu sviði geta stutt markmið og áætlanir í öðrum málaflokkum.

Fornleifum er gerð ítarleg skil í aðalskipulaginu, en Fornleifastofnun Íslands vann ritið Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi, samantekt vegna aðalskipulags.²

Reynt er eftir föngum að setja markmið og skipulagsákvæði í heildarsamhengi þannig að aðalskipulagið megi nota sem stjórnæki til þess að ná árangri í samræmi við sett markmið á sem flestum sviðum.

Í greinargerð þessari eru sett fram markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til ásamt þeim ákvæðum sem gilda um ráðstöfun lands og landnotkun í sveitarfélaginu öllu.

Verkið var unnið á Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Að því komu, Hrund Skarphéðinsdóttir verkfræðingur og arkitektarnir Arnfríður Sigurðardóttir, Árni Ólafsson og Gylfi Guðjónsson.

Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri Skútustaðahrepps hafði yfirumsjón með verkinu fyrir hönd sveitarfélagsins.

Aðalmenn í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 2010-2014 voru Dagbjört S. Bjarnadóttir oddviti, Böðvar Pétursson, Karl E Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir og Friðrik K Jakobsson.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2010 var var sett á stofn Skipulagsnefnd, en verkefni hennar var m. a. endurskoðun aðalskipulagsins.

Aðalmenn í skipulagsnefnd Skútustaðahrepps 2010-2014 eru Margrét Hólm Valsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir og Pétur Snæbjörnsson.

² Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi: Samantekt vegna aðalskipulags. Elín Ósk Hreiðarsdóttir Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2009.

1.1. UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur að gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ. m. t. þéttleika byggðar. Í aðalskipulagi er heimilt að setja fram nánari stefnu, svo sem um nýbyggingarsvæði eða endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða um einstök viðfangsefni.

Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum skipulagslaga nr. 123/2010, landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggi það fyrir, og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skal jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára en jafnframt gera grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags.

Aðalskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti (dráttum) og eftir atvikum á þemauppdráttum.

Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál í sveitarfélaginu. Þar skal einnig gerð grein fyrir umhverfismati aðalskipulagsins.

Skipulagsuppdráttur aðalskipulags skal sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun svo og samgöngu- og þjónustukerfi.

Um gerð og framsetningu aðalskipulags vísast að öðru leyti til 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæða skipulagsreglugerðar.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem allir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti.

Aðalskipulagið er einnig upplýsingabrunnur fyrir íbúa sveitarfélagsins, embættismenn, pólitískt kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmdaaðila.³

Aðalskipulag er síðan grundvöllur að gerð deiliskipulags fyrir einstök hverfi og byggingarsvæði. Í deiliskipulagi er m.a. gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli reita, húsagerðum, tilhögun umferðarkerfis, lóða og byggingarreita.

1.2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skútustaðahreppur er víðfeðmt sveitarfélag um 6.200 km². Landssvæði Skútustaðahrepps nær frá Gæsafjöllum í norðri inn á Vatnajökul í suðri. Jökulsá á Fjöllum rennur eftir austurmörkunum en til vesturs afmarkast sveitarfélagið af Þingeyjarsveit og af Norðurþingi til norðurs.


Nánar er gerð grein fyrir landfæðilegri afmörkun sveitarfélagsins í forsendum aðalskipulagsins.⁴

Náttúruvá í sveitarfélaginu tengist helst jarðskjálftavirkni og eldstöðvum en landrekssprungan liggur um sveitarfélagið og gosbeltið sem Mývatn liggur á markar flekamótin.

Í Skútustaðahreppi hefur samfélagsþróunin hin síðari ár einkennst af fólksfækkun og áföllum í atvinnumálum. Mikilvæg atvinnustarfsemi hefur lagst af, en á móti kemur mikil og vaxandi aukning í ferðaþjónustu af ýmsu tagi.

Eftir sem áður byggja íbúarnir afkomu sína aðallega á landbúnaði og ferðaþjónustu, en störf við virkjunina í Kröflu svo og við stofnanir sveitarfélagsins, leik- og grunnskóla skipta einnig miklu máli.

Landslag og náttúrufar í Skútustaðahreppi er afar fjölbreytt og margbrotið og fullyrða má að umhverfi og náttúra Mývatns séu einstök á heimsvísu. Í áfangaskýrslu 1, forsendum skipulagsáætlunarinnar er gerð nánari grein fyrir staðháttum.



Mynd 1.3 Skútustaðahreppur

³ Skipulagslög nr. 123/2010

⁴ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur, kafli 2.1

1.3. STAÐA SKIPULAGSMÁLA

Í gildi er Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015. Frá staðfestingu þess 31.12.1997 hefur verið gerður um tugur breytinga á því skipulagi. Um helmingur þeirra tengist orkuvinnslusvæðinu í Bjarnarflagi. Nánar er gerð grein fyrir breytingunum í Áfangaskýrslu 1.⁵

Aðalskipulagið sem staðfest var 1997 byggðist á eldri lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 36/1974 en samkvæmt þeim var allur hreppurinn friðlýstur.

Á grundvelli aðalskipulagsins frá 1997 með síðari tíma breytingum hafa verið unnar allmargar deiliskipulagsáætlanir víðs vegar í sveitarfélaginu.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022 er nýtt aðalskipulag alls sveitarfélagsins sem m. a. byggir á lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sem tóku gildi 1. október 2004. Ákvæði þeirra laga taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lögin til nokkurra tilgreindra votlendissvæða, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram vötnum, ám og lækjum.⁶

1.4. TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022 tengist eftirtöldum áætlunum sem nánar er gerð grein fyrir í áfangaskýrslu 1, forsendum skipulagsáætlunarinnar⁷:

1.4.1. Alþjóðasamningar um náttúruvernd

- Alþjóðasamþykkt um fuglavernd. (1956)
- Ramsarsáttmálinn um votlendi (1997)
- Samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (1992).

⁵ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2022. Afangaskýrsla 1. Forsendur. 5. kafli

⁶ Lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

⁷ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur. 5. kafli

- Bernarsamningurinn um verndun villtra platna og dýra og lífsvæða í Evrópu (1993).

1.4.2. Landsáætlanir

- Samgönguáætlun
- Náttúruverndaráætlun
- Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014
- Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 1. áfangi (2003)
- Nefndarálit um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga (2007)
- Stefnumörkun ríkisstjórnar um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni (2008)

1.4.3. Stefnumið stjórnvalda

- Velferð til framtíðar, stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020.

1.4.4. Svæðisskipulagsáætlanir

- Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum
- Svæðisskipulag miðhálandisins

1.4.5. Aðalskipulagsáætlanir

- Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015

Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

- Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2009-2021
- Aðalskipulag Norðurþings 2005-2025
- Aðalskipulag Fljótshéraðs 2008-2028
- Aðalskipulag Hornafjarðar 2008-2028

1.4.6. Staðbundnar áætlanir

- Mývatn og Laxá, tillaga að verndaráætlun (Ust 2009)



Mynd 1.4 Votlendi í Vindbelgjarskógi. Vindbelgur í bakgrunni.

1.4.7. Lög og reglugerðir

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000
- Jarðalög nr. 81/2004
- Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu nr. 97/2004
- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Þjóðminjalög nr. 107/2001
- Lög um landgræðslu nr. 17/1965
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
- Vegalög nr. 80/2007
- Vatnalög nr. 20/2006
- Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006

1.5. ÁGRIP

1.5.1. Skipulagsgögn

Aðalskipulag Skútustaðahrepps er sett fram í greinargerð þessari og á skipulagsuppdráttum. Um er að ræða þéttbýlisuppdrætti af Reykjahlíð og Skútustöðum (mkv. 1:10.000), sveitaruppdrátt (mkv. 1:50.000) og sveitarfélagsuppdrátt (mkv. 1:150.000).

Gerð er grein fyrir forsendum aðalskipulagsins í Áfangaskýrslu 1, Forsendur, nóvember 2010. Auk þess eru í greinargerðinni skýringaruppdrættir og sem sýna nánar einstök atriði skipulagsáætlunarinnar.

Á sveitaruppdráttum og sveitarfélagsuppdráttum eru minni svæði ekki skilgreind nákvæmlega hvað varðar stærð og afmörkun en sýnd á táknrænan hátt sem hringur í lit viðkomandi landnotkunar.

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst árið 2008 og er tímaviðmiðunin áætlunarinnar 2011-2022. Vissir framreikningar ná þó til 2028.